

## REGLUGERÐ

**um (8.) breytingu á reglugerð nr. 835/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fódri og matvælum, sem eru ekki úr dýrarikinu.**

### 1. gr.

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/874 frá 1. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/943 um neyðarráðstafanir sem varða tíma-bundna stöðvun innflutnings á þurruðum baunum frá Nígeríu.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1024 frá 24. júní 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fódri og matvælum sem eru ekki úr dýrarikinu.

### 2. gr.

Ofangreindar framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvæla-efirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna fódureftirlits sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum eða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. mars 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Eggert Ólafsson.*

**Fylgiskjal I.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/874**

frá 1. júní 2016

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/943 um neyðarráðstafanir sem varða tímabundna stöðvun innflutnings á þurrkuðum baunum frá Nígíeríu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 178/2002 er mælt fyrir um almennar meginreglur, sem gilda um matvæli almennt og um öryggi matvæla sérstaklega, í Sambandinu og einstökum aðildarríkjum. Þar er kveðið á um neyðarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin á að grípa til þegar vísbendingar eru um að matvæli, sem eru flutt inn frá þriðja landi, séu líkleg til að skapa alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/943 <sup>(2)</sup> er lagt bann við innflutningi á þurrkuðum baunum frá Nígíeríu, sem tilkynnt er um undir SN-númeri 0713 39 00, vegna mikils fjölda tilvika mengunar af völdum virka efnisins díklórvoss, sem ekki er leyfi fyrir, í styrk sem er langt yfir viðmiðunarskammti bráðrar eitrunar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu fastsetti til bráðabirgða. Meðan þess er beðið að Nígíería komi viðeigandi áhættustjórnunarráðstöfunum til framkvæmdar skal bannið gilda til 30. júní 2016.
- 3) Í kjölfar innleiðingar á innflutningsbanninu hafa borist tilkynningar til hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður í tengslum við þurrkaðar baunir sem eru upprunnar í Nígíeríu, sem tilkynnt er um undir SN-númerum 0713 35 00 og 0713 90 00, vegna mengunar af völdum díklórvoss. Því ætti að rýmka gildissvið nógildandi banns þannig að það nái yfir þessi tvö viðbótarnúmer.
- 4) Með hliðsjón af áframhaldandi tilvist díklórvoss í þurrkuðum baunum, sem eru fluttar inn frá Nígíeríu, og stöðu framkvæmdar Nígíeríu á aðgerðaáætlun að því er varðar samþættar varnir gegn skaðvöldum og hámarksgildi leifa fyrir varnarefni er ekki hægt að draga þá ályktun að unnt sé að fara að tilskildum kröfum í lögum um matvæli, að því er varðar varnarefnaleifar, til skamms tíma litið.
- 5) Því ætti að framlengja innflutningsbannið um sem nemur þriggja ára viðbótartímabili til að gera Nígíeríu kleift að framkvæma viðeigandi áhættustjórnunarráðstafanir og veita tilskildar ábyrgðir.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*Stök grein*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/943 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Þessi reglugerð skal gilda um allar þurrkaðar baunir sem eru upprunnar í Nígíeríu og tilkynnt er um undir SN-númerunum 00713 35 00, 0713 39 00 og 0713 90 00.“

- 2) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir til 30. júní 2019.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

Jean-Claude JUNCKER

---

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 31, 1.2. 2002, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/943 frá 18. júní 2015 um neyðarráðstafanir sem varða tímabundna stöðvun innflutnings á þurruðum baunum frá Nígeríu og um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 (Stjtið. ESB L 154, 19.6.2015, bls. 8.).

**Fylgiskjal II.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1024**

frá 24. júní 2016

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar auknið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fôðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (<sup>1</sup>), einkum 5. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 63. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 (<sup>2</sup>) er mælt fyrir um reglur varðandi auknið opinbert eftirlit með innflutningi á fôðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu og eru skráð í I. viðauka við reglugerðina (hér á eftir nefnd skráin), á komustöðum á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- 2) Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um að skráin skuli endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. ársfjórðungslega, með tilliti til a.m.k þeirra upplýsinga sem um getur í þeirri grein.
- 3) Sú reynsla sem fengist hefur undanfarin 6 ár hefur sýnt að rétt þykir að kveða á um að draga úr reglubundinni tíðni endurskoðana á I. viðauka niður í tvær á ári en viðhalda þeim möguleika fyrir framkvæmdastjórnina að endurskoða skrána oftar ef þörf krefur. Þúist er við að þessi einföldun bæti hagkvæmni en viðhaldi um leið helstu þáttum og markmiðum reglugerðarinnar. Samhliða því að dregið er úr reglubundinni tíðni endurskoðana á I. viðauka niður í tvær á ári ætti að koma samsvarandi breyting á tíðni skýrslugjafar aðildarríkja til framkvæmdastjórnarinnar. Aðildarríkin ættu því að leggja fram skýrslur sínar tvisvar á ári.
- 4) Tíðni og mikilvægi nýlegra matvælaatvika, sem eru tilkynnt í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður, niðurstöður úttekta í þriðju löndum á vegum skrifstofu heilbrigðismála og úttekta og greininga á matvælum hjá stjórnarsviði framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar heilbrigði og matvælaöryggi sem og ársfjórðungslegar skýrslur um vörusendingar af fôðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, benda til þess að breyta ætti skránni.
- 5) Einkum benda viðeigandi upplýsingar, í tengslum við vörusendingar af heslihetnum sem eru upprunnar í Georgíu, til þess að ný áhætta sé komin fram sem krefst þess að auknið opinbert eftirlit sé innleitt. Því ætti að bæta við færslu varðandi þessar sendingar í skrána.
- 6) Einnig ætti að breyta skránni með því að fella brott færslur fyrir vörur sem teljast samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum, þegar á heildina er litið, uppfylla viðeigandi öryggiskröfur, sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, á fullnægjandi hátt og af þessum sökum er auknið opinbert eftirlit með þeim ekki lengur réttlætjanlegt. Því ætti að fella brott færslurnar í skránni varðandi þurkaðar þrúgur frá Afganistan og möndlur frá Ástralíu.
- 7) Til að tryggja samræmi og gagnsæi þykir rétt að í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað annarrar undirgreinar 2. gr. komi eftirfarandi:  
„Skráin í I. viðauka skal endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. tvisvar á ári.“
- 2) Í stað annarrar undirgreinar í 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:  
„Þau skulu leggja skýrsluna fram tvisvar á ári fyrir lok fyrsta mánaðar eftir lok hvers sex mánaða tímabils.“
- 3) Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

Jean-Claude JUNCKER

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukíð, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu föðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).

## VIÐAUKI

### „I. VIÐAUKI

#### Fóður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir aukíð opinbert eftirlit á tilnefndum komustað

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer <sup>(1)</sup>	TARIC-undirskipting	Upprunaland	Hætta	Tíðni skoðana á ástandi og sannprófunar auðkenna (%)
– Spergilbaunir ( <i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> )	– úr 0708 20 00	<b>10</b>	<b>Kambódía (KH)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>	50
	úr 0710 22 00	<b>10</b>			
– Eggaldin	– 0709 30 00				
	úr 0710 80 95	<b>72</b>			
<b>(Matvæli – ferskt, kælt eða fryst grænmeti)</b>					
Súpusellari ( <i>Apium graveolens</i> ) ( <b>Matvæli – ferskar eða kældar kryddjurtir</b> )	úr 0709 40 00	<b>20</b>	<b>Kambódía (KH)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(4)</sup>	50
Brassica oleracea (annað ætt kál, kinaspergilkál) <sup>(5)</sup> ( <b>Matvæli – fersk eða kæld</b> )	úr 0704 90 90	<b>40</b>	<b>Kína (CN)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup>	50
Te, einnig bragðbætt ( <b>Matvæli</b> )	0902		<b>Kína (CN)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(6)</sup>	10
– Spergilbaunir ( <i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> )	– úr 0708 20 00	<b>10</b>	<b>Dóminíka (DO)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(7)</sup>	20
	úr 0710 22 00	<b>10</b>			
– Paprikur (sætar og aðrar en sætar) ( <i>Capsicum</i> spp.)	– 0709 60 10				
	0710 80 51				
<b>(Matvæli – ferskt, kælt eða fryst grænmeti)</b>	– úr 0709 60 99	<b>20</b>			
	úr 0710 80 59	<b>20</b>			
Jarðarber ( <b>Matvæli – fersk eða kæld</b> )	0810 10 00		<b>Egyptaland (EG)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(8)</sup>	10
Paprikur (sætar og aðrar en sætar) ( <i>Capsicum</i> spp.)	– 0709 60 10		<b>Egyptaland (EG)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(9)</sup>	10
	0710 80 51				
<b>(Matvæli – fersk, kæld eða fryst)</b>	– úr 0709 60 99	<b>20</b>			
	úr 0710 80 59	<b>20</b>			
– Jarðhnetur, í skurn	– 1202 41 00		<b>Gambía (GM)</b>	Aflatoxín	50
– Jarðhnetur, skumlausar	– 1202 42 00				
– Hnetusmjör	– 2008 11 10				
– Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	– 2008 11 91				
	2008 11 96				
	2008 11 98				

<i>(Fóður og matvæli)</i>					
– Heslihnetur, í skurn	– 0802 21 00		<b>Georgía (GE)</b>	Aflatoxín	20
– Heslihnetur, skumlausar	– 0802 22 00				
<i>(Matvæli)</i>					
Pálmaolía <i>(Matvæli)</i>	1511 10 90,		<b>Gana (GH)</b>	Súdan-litarefni <sup>(10)</sup>	50
	1511 90 11,				
	úr 1511 90 19	<b>90</b>			
	1511 90 99				
Sesamfræ <i>(Matvæli – fersk eða kæld)</i>	1207 40 90		<b>Indland (IN)</b>	Salmonella <sup>(11)</sup>	20
Ensím, unnin ensím <i>(Fóður og matvæli)</i>	3507		<b>Indland (IN)</b>	Klóramfenikól	50
Ertur með fræbelg (með hýði) <i>(Matvæli – fersk eða kæld)</i>	úr 0708 10 00	<b>40</b>	<b>Kenya (KE)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(12)</sup>	10
– Jarðhnetur, í skurn	– 1202 41 00		<b>Madagaskar (MG)</b>	Aflatoxín	50
– Jarðhnetur, skumlausar	– 1202 42 00				
– Hnetusmjör	– 2008 11 10				
– Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	– 2008 11 91				
	2008 11 96				
	2008 11 98				
<i>(Fóður og matvæli)</i>					
Hindber <i>(Matvæli – fryst)</i>	0811 20 31,		<b>Serbía (RS)</b>	Nóróveira	10
	úr 0811 20 11	<b>10</b>			
	úr 0811 20 19	<b>10</b>			
Vatnsmelónufræ ( <i>Egusi</i> , <i>Citrullus</i> spp.) og afleiddar afurðir	úr 1207 70 00	<b>10</b>	<b>Sierra Leone (SL)</b>	Aflatoxín	50
	úr 1106 30 90	<b>30</b>			
	úr 2008 99 99	<b>50</b>			
<i>(Matvæli)</i>					
– Jarðhnetur, í skurn	– 1202 41 00		<b>Súdan (SD)</b>	Aflatoxín	50
– Jarðhnetur, skumlausar	– 1202 42 00				
– Hnetusmjör	– 2008 11 10				
– Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	– 2008 11 91				
	2008 11 96				
	2008 11 98				
<i>(Fóður og matvæli)</i>					
Paprikur (aðrar en sætar) <i>(Capsicum</i> spp.) <i>(Matvæli – fersk eða kæld)</i>	úr 0709 60 99	<b>20</b>	<b>Taíland (TH)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(13)</sup>	10
– Spergilbaunir <i>(Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis)</i>	– úr 0708 20 00	<b>10</b>	<b>Taíland (TH)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup> <sup>(14)</sup>	20
	úr 0710 22 00	<b>10</b>			
– Eggaldin	– 0709 30 00				
	úr 0710 80 95	<b>72</b>			
<i>(Matvæli – ferskt, kælt eða fryst grænmeti)</i>					
– Þurrikaðar apríkósur	– 0813 10 00		<b>Tyrkland (TR)</b>	Súlföt <sup>(15)</sup>	10
– Apríkósur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	– 2008 50 61				
<i>(Matvæli)</i>					
Sitrónur ( <i>Citrus limon</i> , <i>Citrus limonum</i> ) <i>(Matvæli – fersk, kæld eða þurrkuð)</i>	0805 50 10		<b>Tyrkland (TR)</b>	Varnarefnaleifar <sup>(2)</sup>	10

Paprika ( <i>Capsicum annuum</i> )	0709 60 10		Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar (2) (16)	10
	0710 80 51				
(Matvæli – ferskt, kælt eða fryst grænmeti)					
Vinviðarlauf (Matvæli)	úr 2008 99 99	11, 19	Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar (2) (17)	50
– Pistasíuhnetur, í skurn	– 0802 51 00		Bandaríkin (US)	Aflatoxín	20
– Pistasíuhnetur, skurnlausar	– 0802 52 00				
(Matvæli)					
– Þurkaðar apríkósur	– 0813 10 00		Úsbekistan (UZ)	Súlföt (15)	50
– Apríkósur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	– 2008 50 61				
(Matvæli)					
– Kórianderlauf	– úr 0709 99 90	72	Vietnam (VN)	Varnarefnaleifar (2) (18)	50
– Basilíka (helgibasilíka)	– úr 1211 90 86	20			
	úr 2008 99 99	75			
– Mínta	– úr 1211 90 86	30			
	úr 2008 99 99	70			
– Steinselja	– úr 0709 99 90	40			
(Matvæli – ferskar eða kældar kryddjurtir)					
– Okra	– úr 0709 99 90	20	Vietnam (VN)	Varnarefnaleifar (2) (18)	50
– Paprikur (aðrar en sætar) ( <i>Capsicum</i> spp.)	– úr 0709 60 99	20			
(Matvæli – fersk eða kæld)					
– Drekaávextir (Matvæli – fersk eða kæld)	– úr 0810 90 20	10	Vietnam (VN)	Varnarefnaleifar (2) (18)	20

(1) Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til er SN-númerið merkt með „úr“.

(2) Leifar af a.m.k. þeim varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgrildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margt konar efnaleifar sem byggjast á gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu (einungis varnarefni sem á að vakta í/á vörum úr jurtaríkinu).

(3) Leifar af klórbáfami.

(4) Leifar af fenþóati.

(5) Tegundir *Brassica oleracea* L. convar. *Botrytis* (L) Alef var. *Italica* Plenck, ræktunarafrbrigðið Alboglabra. Einnig þekktar sem „Kai Lan“, „Gai Lan“, „Gailan“, „Kailan“, kínaspergilkál, „Jielan“.

(6) Leifar af trifluralíni.

(7) Leifar af asefati, aldíkarbi (summa aldíkarbs, súlfóxiðs og súlfóns þess, gefið upp sem aldíkarb), amítrasi (amítras, þ.m.t. umbrotsefni sem innihalda 2,4-dímetylaniílnlutann, gefið upp sem amítras), díafenþiúróni, díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), díþiókarbötum (díþiókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfóxiðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb).

(8) Leifar af hexaflúúróni, metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfóxiðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb), fenþóati og þíofanatmetýli.

(9) Leifar af díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), dínotefúrani, fólpeti, próklórasi (summa próklóras og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6-tríklórflénóílnlutann, gefin upp sem próklóras), þíofanatmetýli og tríforíni.

(10) Að því er varðar þennan viðauka vísar „Súdan-litarefni“ til eftirfarandi íðefna: i. Súdan I (CAS-númer 842-07-9), ii. súdan II (CAS-númer 3118-97-6), iii. súdan III (CAS-númer 85-86-9) iv. skarlatrauður, eða súdan IV (85-83-6).

(11) Tilvísunaraðferð EN/ISO 6579 eða aðferð sem er fullgilt með samanburði við hana eins og um getur í 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

(12) Leifar af asefati og díafenþiúróni.

(13) Leifar af formatanati (summa formatanats og salta þess, gefin upp sem formatanat (hýdróklóríð)), própíófosi og tríforíni.

(14) Leifar af asefati, díkrótófosi, própíófosi, kíalfosi og tríforíni.

(15) Tilvísunaraðferðir: EN 1988-1:1998, EN 1988-2:1998 eða ISO 5522:1981.

(16) Leifar af díafenþiúróni, formatanati (summa formatanats og salta þess, gefin upp sem formatanat (hýdróklóríð)) og þíofanatmetýli.

(17) Leifar af díþiókarbamötum, (díþiókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metrafenóni.

(18) Leifar af díþiókarbamötum, (díþiókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) fenþóati og kíalfosi.“